

## Fundargerð 18. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði kl. 13:00 þriðjudaginn 24. apríl 2018 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir (ÁSS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Björn Óli Hauksson (BÓH), Þorvaldur H. Þórðarson (ÞP), Þórólfur Guðnason (ÞG), Karen Bragadóttir (KB) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Hildur Reykdal (HR), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG)

Gestir: Íris Ösp Ingjaldsdóttir (ÍÖI) lögfræðingur frá tollstjóra, verkefnastjóri PRN/API verkefnisins

Gögn:

1. Dagskrártillaga.
2. Fundargerð 17. fundar flugvirkarráðs (tp ÓS 22.02.2018).

Tenglar:

1. <https://www.samgongustofa.is/flug/fartheagar/flugvirk/>
2. <https://www.ecac-ceac.org/web/guest>
3. <https://www.icao.int/Pages/default.aspx>

## Dagskrá

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Staða verkefna og fréttir af ECAC FAL fundi (HSS).
4. Isavia – ýmis mál.
  - a. Vöxtur umferðar og afkastageta.
  - b. Nýir áfangastaðir.
  - c. Nýir millilandaflugvellir og bætt þjónusta.
5. Loftferðasamningar.
6. Farþegalistaverkefni Tollstjóra og lögreglu og gæði gagna.
7. Önnur mál.
8. Næsti fundur.

1.-2. Dagskrá og fundargerð síðasta fundar samþykktar.

3. HSS var með kynningu verkefna í flugvirk, sjá kynningu í viðaukum

Almenn umræða var um viðbragðsáætlanir og stöðu þeirra þ.m.t. ábyrgð embætta. Þá sérstaklega ESB reglugerð Nr. 966/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum í almannaflygi sem innleidd var með reglugerð Nr. 1248/2014. Í reglugerðinni er heimild til að setja reglugerð vegna hlutverks yfirvalda í þjónustu við fórnarlömb og aðstandendur flugslysa. Samstaða var um að koma því á framfæri við ráðuneytið að endurskoða yrði ákvæði og innleiðingu með tilliti til viðbragðsáætlana.

4 BÓH fór yfir ýmis mál sem snúa að Isavia

a) fækkun farþega hefur verið í upphafi árs en annars gert ráð fyrir að áætlun fyrir árið standist. Gert er ráð fyrir aukningu á næsta ári en ekki fjölgun farþega eftir það. Flugstöðin sé fullnýtt á álagstímum og aukning á umferð þurfi að koma á öðrum tímum.

Framkvæmdir eru í gangi sem gert er ráð fyrir að lokið verði árið 2020 þar sé m.a. tekið á þörfum annarra stjórnvalda á flugvöllum.

Einnig sé litið til frekari stækkunar flugstöðvarinnar í samráði við hagsmunaaðila í framtíðinni.

b) Hægir á fjölgun flugleiða, meira er um að flugrekendur bjóði upp á flug milli sömu staða og keppinautarnir séu að fljúga á.

c) Lítillega var komið inn á þjónustu á öðrum millilanda flugvöllum, þá sérstaklega þjónustu flugumferðarstjóra og öryggi. Þar standi m.a. annars á samningi Isavia við ráðuneyti um mönnun ofl. Erlendir flugrekendur sem skipulagt hafi flug til Akureyrar fljúga þrátt fyrir slæmar veðurspár.

ÞG spyr hvort til séu farþegaspár fyrir landsbyggðina þannig að heilbrigðisgeirinn geti undirbúið sig undir að takast á við flugatvik, til séu spár vegna komu farþegaskipa. Núverandi viðbragðsáætlanir miði við farþegafjölda í Fokker en hægt sé að miða við stærri vélar.

BÓH segir ekki til áætlanir fyrir þessi flug.

## 5. Loftferðasamningar

FS Viðræður hafa verið við Japani og fyrir liggur samkomulag um framkvæmd, gera má ráð fyrir að fljótlega hefjist beint flug.

Einnig sé komið á formlegt samband við Rússland.

## 6. Farþegalistaverkefni

KB Farþegalistaverkefnið eða PNR/API verkefnið er samstarfsverkefni lögreglu og tolls sem hófst haustið 2016. ÍÓI gerði grein fyrir núverandi stöðu. Stýrihópur verkefnisins hefur sent minnisblað til dómsmálaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins (afrit á utanríkisráðuneytið) sem bíður framlagningar fyrir ráðherra. Í minnisblaðinu er óskað eftir afstöðu til innleiðingu kerfis og að tryggt sé fjármagn í verkefnið.

## 7. Önnur málefni

ÓHK nefnir „Sindra“ málið vegna eftirlits flugrekenda við innri landamæri en skv. reglugerð nr. 866/2017 um för yfir landamæri á flugrekandi að ganga úr skugga um að skráður farþegi sé sá sem hann segist vera. ÓHK spyr hvort það sé eðlilegt að þetta sé ekki gert án þess að yfirvöld bregðist við.

## 7. Næsti fundur.

Næsti fundur verði boðaður þriðjudaginn 25. september.